

7. BEKKUR 2015

GEYMIST Í SKÓLA

STÆRÐFRÆÐI

SAMRÆMT KÖNNUNARPRÓF

HEFTI II

Nafn: _____

Bekkur: _____

Skóli: _____


- Merktu prófheftið og svarblaðið með nafni þínu, bekk og skóla.
- **Athugaðu hvort upplýsingar í reitnum efst til hægri á svarblaði eigi við þig.**
- **Svör við öllum spurningum í þessu hefti á að færa á svarblaðið.**
- Notkun vasareiknis er heimil í þessu hefti.
- Leyfð hjálpargögn eru reglustika, gráðubogi og vasareiknir.
- Athugaðu að svör á aukablöðum eða rissblöðum verða ekki metin.
- Notaðu svartan eða bláan penna. Notaðu ekki tússpenna.
- Settu kross í reitinn , ekki fylla alveg í reitinn .
- Vandaðu frágang. Gangi þér vel.



Liður í æfingu hjálparsveitar var ferð inn á hálendið. Þyrla flutti hópinn á upphafsstað. Þaðan var gengið á fimm staði.
(m.h.y.s. = metrahæð yfir sjávarmáli)

- (A) Sverristindur 710 m.h.y.s.
- (B) Gungufell 780 m.h.y.s.
- (C) Rindadalur 540 m.h.y.s.
- (D) Kalmelar 610 m.h.y.s.
- (E) Giljabúinn 800 m.h.y.s.

Að lokum var haldið í skálann í Geldingafelli (F) sem er í 210 m.h.y.s. og gist þar. Línuritið sýnir hæð og tíma ferðarinnar.



23. Hver var munurinn á hæsta og lægsta punkti ferðarinnar?

- K 240 m
- L 350 m
- M 590 m
- N 830 m


24. Hver er hæðarmunurinn á C og F?

- P 330 m
- R 400 m
- S 570 m
- T 590 m

25. Teikningin er af grunnni húss Ferðafélags Votafjarðar.
Setja á járnkant kringum allan grunninn.

Hver er heildarlengd járnnsins?

- V 22 m
- X 32 m
- P 42 m
- E 52 m



26. Tumi kaupir fimm bakka af plöntum sem hann ætlar að gróðursetja. Í hverjum bakka eru 24 plöntur. Tumi setur 36 plöntur niður og tekur sér svo matarhlé.

Hve margar plöntur á Tumi eftir að gróðursetja?

- A 64
- B 84
- C 96
- D 120

27. Í skotkeppni í körfubolta færðu 3 stig fyrir að hitta í körfuna en missir 2 stig í hvert sinn sem þú hittir ekki. Sigrún hitti 6 sinnum í körfuna en 4 sinnum ekki.

Hve mörg stig fékk hún?

- F 10 stig
- G 18 stig
- H 24 stig
- I 26 stig

28. Á föstudögum passar Jakob frænku sína og fær 1000 kr. í laun. Hann eyðir 400 kr. vikulega og safnar afganginum.

Hve hárrí upphæð safnar hann á 8 vikum?

- K 3200 kr.
- L 4800 kr.
- M 7600 kr.
- N 8000 kr.

29. Börnin í 4.SP í Vatnaskóla eru að safna fyrir ferð. Þau ákveða að selja smákökur. Þau selja kassa með tveimur pokum. Í hverjum poka eru 14 smákökur. Hver nemandi selur 4 kassa.

Hve margar kökur verða það samtals á hvern nemanda?

- P 28
- R 56
- S 112
- T 224

30. Í húsi eru bæði kettir og páfagaukar. Þar eru 8 hausar og 26 fætur. Það eru færri páfagaukar en kettir.

Hve margir eru páfagaukarnir?

- V 1
- X 2
- P 3
- Æ 4

31. Hjól með brettum, ljósi og bjöllu kostar 47 500 krónur. Brettin kosta samtals 5700 kr., bjalla kostar 1500 kr. og hjól án alls aukabúnaðar kostar 38 500 kr.

Hvað kostar ljósið?

- A 1500 kr.
- B 1800 kr.
- C 2500 kr.
- D 2800 kr.

32. Hermansklettur er 38 metra hár drangur. Við hlið hans er drangurinn Loki og er hann 29 metrar. Hæstur er Prestastóll en hann er 49 metrar.

Hver er meðalhæð dranganna?

- F 38,00 m
- G 38,67 m
- H 39,00 m
- I 39,27 m

Fjórir vinir ákveða að safna peningum með því að lesa bækur í sjö daga. Hver þeirra fær 5 kr. fyrir hverja lesna blaðsíðu. Dísu les 74 blaðsíður á dag. Fúsi les 76 blaðsíður á dag fyrstu fjóra dagana en seinni þrjá les hann 65 blaðsíður á dag. Jóna les 392 blaðsíður á sjö dögum og Kiddi les 497 blaðsíður á viku.

33. Hvert þeirra les flestar blaðsíður söfnunarvikuna?

- K Dísu
- L Fúsi
- M Jóna
- N Kiddi

34. Hve miklum peningum safna þau samtals?

- P 1906 kr.
- R 5520 kr.
- S 7740 kr.
- T 9530 kr.

35. Tólf göngugarpar fóru í skipulagðar fjallaferðir. Þeir gengu samanlagt 1104 km. Haraldur fór lengst þessara göngugarpa. Hann gekk 63 km lengra en hinir að meðaltali.

Hve langt gekk Haraldur í fjallaferðunum?

- V 63 km
- X 92 km
- P 155 km
- Æ 175 km

36. Hringlaga hús var reist. 20 karlmenn gátu umfaðmað húsið þannig að fingurgómarnir snertust. Ummál hússins var 35 metrar.

Hver var meðallengd hvers faðms?

- A 1,85 m
- B 2,05 m
- C 175 cm
- D 195 cm

37. Þórður og afi hans eiga afmæli sama dag. Þórður er 7 ára og er fæddur 2008 en afi hans er 72 ára.

Hvaða ár er afi Þórðar fæddur?


- F 1934
- G 1940
- H 1943
- I 1948

38. Ferningi sem er 120 cm^2 er skipt í þrjá þríhyrninga eins og sýnt er á myndinni hér til hliðar.

Hliðarnar merktar x eru jafn langar.

Hver er stærðin á A?

- K 25 cm^2
- L 30 cm^2
- M 35 cm^2
- N 40 cm^2



39. Már og Lára leggja af stað í göngutúr. Már fer efri leiðina sem er 5,8 km en Lára fer neðri leiðina sem er 6,5 km. Þau hittast við vörðu þegar þau hafa gengið hálfa leið.

Hve langt eru þau búin að ganga samanlagt?

- P 5,75 km
- R 6,15 km
- S 9,05 km
- T 12,3 km


40. Halldór kaupir flugdreka á 1780 kr. en Vigdís kaupir flugdreka sem er 1206 kr. dýrari en flugdreki Halldórs.

Hve mikið borga þau samtals fyrir flugdrekana?

- V 474 kr.
- X 2986 kr.
- P 3460 kr.
- A 4766 kr.

41. Hvert er flatarmál þessarar myndar?

- A 30 cm^2
- B 35 cm^2
- C 40 cm^2
- D 45 cm^2



42. Jói setti niður töfrabaunir klukkan 20:00. Hann fór að sofa og klukkan 08:00 morguninn eftir hafði vaxið upp baunagras. Baunagراسið óx um 10 metra á mínútu að jafnaði.

Hve hátt var baunagراسið orðið klukkan 08:00?

- F 7,2 metrar
- G 72 metrar
- H 720 metrar
- I 7200 metrar

43. Í skólamötuneyti borða að jafnaði 424 einstaklingar. Einn daginn vantaði fjórðung þeirra.

Hve margir borðuðu þann dag í mötuneytinu?

- K 106
- L 318
- M 324
- N 420

44. Dís hjólar samfelld í fjóra tíma á hraðanum 20 km/klst. Eftir hvíld og teygjur hjólar hún til baka í einni lotu á hraðanum 30 km/klst.

Hve lengi var Dís til baka?

- P 2:00 klst.
- R 2:30 klst.
- S 2:40 klst.
- T 3:00 klst.

45. Mynstrið sem við leitum að endurtekur sig ef haldið er áfram með það.

Hvert af mynstrunum hér fyrir neðan á við lýsinguna?

V * ○ □ ** ○ ○ □ □ * * * ○ ○ ○ □ □ □

X * ○ □ * ○ □ □ * ○ □ □ □ * ○ □ □ □ □

P * ○ □ * * ○ □ * * ○ ○ □ * * ○ ○ □ □ * * * ○ ○ □ □

A * ○ □ * * ○ □ * ○ ○ □ * ○ □ □ * ○ □ * * ○ □

46. Svana fékk vinnu við að taka upp kartöflur. Hún vann 4 daga og fékk 2500 kr. á dag. Hún eyddi strax $\frac{1}{5}$ hluta launanna en setti afganginn í sparibauk.

Hvað fóru margar krónur í sparibaukinn?

- A 2000 kr.
- B 2500 kr.
- C 7500 kr.
- D 8000 kr.

47. Þrjú stórir páfagaukar eru sendir með flugi. Þeir eru vigtaðir í búrum sínum og eru samanlagt 8,1 kíló. Hvert bú er 1200 g.

Hver er meðalþyngd páfagaukanna?

- F 1200 g
- G 1500 g
- H 3000 g
- I 4500 g